

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 26. ágúst, var haldinn 83. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 13:00. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Ragnar Hansson (Æ), Sabine Leskopf (S) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Katla Hólm (P); Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum og Þorsteinn Davíð Stefánsson, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Læsi. Guðrún Edda Bentsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Dröfn Rafnsdóttir, verkefnastjórnar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjórnar tölfraeði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015080127
- Kl. 13.33 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2015, um útgáfu nýs rekstrarleyfis vegna sameiningar leikskólanna Fossakots og Korpukots og brottfall eldri rekstrarleyfa. Jafnframt lagt fram bréf frá Jóni Erni Valssyni framkvæmdastjóra LFA ehf., dags. 26. maí 2015, með beiðni um leyfi til sameiningar leikskólanna Fossakots og Korpukots, umsögn foreldraráðs Fossakots, dags. 18. ágúst 2015 og umsögn foreldraráðs Korpukots, dags. 19. ágúst 2015. SFS2015050333

Rekstrarleyfi LFA ehf. fyrir sameinaðan leikskóla Fossakot og Korpukot samþykkt. Jafnframt samþykkt að eldri rekstrarleyfi fyrir Fossakot og Korpukot falli úr gildi.

3. Lögð fram drög að leiðakerfisbreytingum í Reykjavík vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit ásamt tillögu að breytingum á leiðakerfi Strætó. Jafnframt lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2015, um leiðakerfisbreytingar í Reykjavík vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit. SFS2015080005

Umsögn skóla- og frístundasviðs samþykkt með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúarnir Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gera alvarlegar athugasemdir við að unnið sé að því á vegum Reykjavíkurborgar að koma framtíðarmiðstöð almenningsgangna fyrir á Vatnsmýrarvegi 10 án þess að sérfræðileg úttekt liggi fyrir um hver sé besti staðurinn í borginni fyrir slíka miðstöð. Æskilegt er að slík úttekt fari fram þar sem bornir verði saman aðrir þeir staðir, sem nefndir hafa verið sem álitlegir kostir fyrir slíka miðstöð, t.d. Kringlan og Mjóddin. Slík úttekt lá ekki fyrir þegar meirihluti Samfylkingar og Bjartrar framtíðar tók um það pólitíska ákvörðun á síðasta kjörtímabili að slík miðstöð yrði á Vatnsmýrarvegi 10. Skorað er á nýjan borgarstjórnarmeirihluta að endurskoða staðarval umræddrar miðstöðvar sem fyrst. Í slíkri skoðun væri lagt til grundvallar að ekki verði óeðlilegur halli á þjónustu strætisvagna milli vestur- og austurhluta borgarinnar. Eitt helsta markmið úttektarinnar væri að leiða í ljós hvernig ólíkir valkostir á staðsetningu nýrrar samgöngumiðstöðvar þjóni sem best almennum

þörfum borgarbúa til að sækja skóla-, íþrótt- og frístundastarf í heimahverfi sínu eða annars staðar í borginni. Á þeim grundvelli væri síðan tekin ákvörðun um nýja miðstöð.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2015, varðandi innleiðingar- og kostnaðaráætlun vegna skýrslu starfshóps um nemendamiðað skólastarf. SFS2014120065

Innleiðingar- og kostnaðaráætlun starfshóps um nemendamiðað skólastarf samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fagna því að áætlun um innleiðingu á tillögum um nemendamiðað skólastarf hafi verið samþykkt einróma í skóla- og frístundaráði. Tillögurnar hafa þann tilgang að auka áhrif barna og unglinga á innihald og skipulag eigin náms, hlusta á raddir nemenda varðandi skólastarf og styðja skóla við að þróa nemendamiðað skólastarf með fjölbreyttum hætti.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2015, varðandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara ásamt sameiginlegri yfirlýsingu Kennarafélags Reykjavíkur, Félags skólastjórnaenda í Reykjavík og fræðsluyfirvalda í Reykjavík um efni gildandi kjarasamnings Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt lagðar fram ályktanir kennara við Foldaskóla, dags. 19. ágúst 2015; kennara við Háaleitisskóla, dags. 21. ágúst 2015; kennara við Háteigsskóla, dags. 18. ágúst 2015; kennara við Húsaskóla, dags. 18. ágúst 2015; kennara við Vesturbæjarskóla, dags. 19. ágúst 2015; kennara við Vogaskóla, dags. 17. ágúst 2015; kennara við Austurbæjarskóla, dags. 21. ágúst 2015; kennara við Breiðagerðisskóla, dags. 19. ágúst 2015 og kennara við Hólabrekkuskóla, dags. 18. ágúst 2015. SFS2015060047

- Kl. 15:05 víkur Atli Steinn Árnason af fundinum.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Skólastjórnaendur í Reykjavík lýsa yfir verulegum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin nú í upphafi skólaársins vegna skipulags gæslu í hléum nemenda. Skólastjórnaendur hafa það verkefni að skipuleggja gæslu í hádegishléi og frímínútum nemenda en eru í þeirri stöðu að vera klemmdir á milli fjárskorts og skorts á vinnuframlagi til gæslu. Þessi staða er komin upp í kjölfar túlkunar nýs kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og þess fjármagns sem úthlutað er til skólanna í þennan málaflökk. Vert er að nefna að nauðsynlegt er að skapa skólastjórnaendum faglegt svigrúm til að sinna því stjórnunarumfangi sem starf í grunnskólum kallar á. Skólastjórnaendur vilja einnig ávarpa að það sé leitt að draga þurfi úr tíma til faglegs starfs til að skapa svigrúm til gæslu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lýsir yfir þungum áhyggjum vegna hins erfiða og alvarlega ástands sem skapast hefur í grunnskólum Reykjavíkur nú við upphaf haustannar vegna megnrar óánægju kennara í tengslum við gæslustörf. Verði ekki fljótlega fundin farsæl og faglega unnin lausn á málinu sem allir aðilar geti orðið

sáttir um er hætt við að óánægjan komi til með að hafa neikvæð áhrif á annað skólastarf nú í haust.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum í Reykjavík leggur fram svohljóðandi bókun:

Fundur trúnaðarmanna grunnskólakennara sem var haldinn 25. ágúst 2015 ályktaði á eftirfarandi hátt:

Fundur trúnaðarmanna í Reykjavík harmar þá grafalvarlegu stöðu sem komin er upp í grunnskólum Reykjavíkur vegna nýgerðra kjarasamninga kennara þar sem stefnt var að því að auka fagmennsku í kennslu og jafna álag á kennara. Við teljum að grundvallarhugmyndafræði kjarasamningsins sé brostin. Með litlu sem engu framlagi í C hluta kjarasamningsins gefst skólastjórnendum ekki færi á að greiða kennurum fyrir viðbótarstörf sem eru nauðsynleg til að hægt sé að reka framsækið og faglegt skólastarf í Reykjavík. Kennsla er 100% starf og án framlaga í umsamdan C hluta kjarasamningsins teljum við ómögulegt að bæta við verkþáttum sem áður var greitt sérstaklega fyrir eins og gæslu. Auk þess sem vandséð er að þróunarstarf muni fara fram í skólum Reykjavíkur á meðan viðhorf Reykjavíkurborgar er með þessum hætti. Núna á fyrstu dögum nýs skólaárs kemur þessi vandi strax fram í því að kennarar eru ekki tilbúnir til að taka að sér gæslu án þess að greiðsla komi fyrir, enda rúmist hún ekki innan vinnuramma þeirra. Við förum fram á að Reykjavíkurborg höggvi á hnútinn með því að setja fjármagn í C hluta samningsins, því það er ekki hlutverk kennara að tryggja þróun í skólastarfi eða öryggi barna vegna sinnuleysis yfirvalda.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að með gildandi kjarasamningi við grunnskólakennara var stigið stórt skref í þá átt að viðurkenna í verki mikilvægi kennarastarfsins og auka sveigjanleika í skólastarfi. Nauðsynlegt er að skólasamfélagið fái svigrúm til að tryggja farsæla innleiðingu samningsins með samráði skólastjórnenda og kennara.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. ágúst 2015, um stöðu innritunar barna á skóla- og frístundasviði í ágúst 2015. SFS2015080113

Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs og Björg Ingbórsdóttir, innritunarstjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynntu.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. ágúst 2015, um stöðu í starfsmannamálum á skóla- og frístundasviði í ágúst 2015. SFS2015080113

Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynnti.

8. Lagt fram minnisblað um stöðu starfshóps um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda. SFS2015020205

9. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. ágúst 2015, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2015010035

10. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi mögulega leikskólavistun barna sem eru í dag fáeinum dögum of ung til að fá að nýta pláss sem eru laus í dag. Er fjárhagslega hagkvæmara fyrir borgina að hafa þessi pláss barnlaus frekar en að leyfa vistun barna sem fædd eru í mars 2014?

SFS2015080153

11. Skóla- og frístundaráð þakkar Auði Árnýju Stefánsdóttur skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu fyrir góð og farsæl störf í þágu skólastarfs í borginni og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 16.00

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Kjartan Magnússon
Sabine Leskopf

Líf Magneudóttir
Ragnar Hansson
Örn Þórðarson